Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2017

# ÍÞST3AÐ03
**Starfsþjálfun**

---

**Kennari: Sverrir Geir Ingibjartsson** **SGI**

---

## Áfangalýsing

Áfanganum er ætlað að undirbúa nemendur fyrir þjálfun barna á aldrinum 3-12 ára hjá íþróttafélögum eða í íþróttaskóla/frístundaskóla. Starfið getur tengst fjölbreyttri þjálfun í íþróttagrein hjá íþróttafélagi, ýmsum félagasamtökum eða starf í íþrótta- og frístundaskóla íþróttafélags eða grunnskóla. Nemandinn mun setja upp æfingaáætlun og þjálfa/kenna með íþróttakennara eða þjálfara. Æfingaáætlun og kennsla er metin í lok æfingakennslutímabils.

---

**Undanfari:** ÍÞFR2ÞJ03

---

**Þekkingarviðmið**
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu á:
- kennslu og þjálfun barna og unglinga á aldrinum 4-12 ára
- helstu forsendum áætlanagerðar í íþróttum
- hlutverki íþróttaþjálfara sem fyrirmyndar barna og unglinga

**Leikniviðmið**
Nemandi skal hafa öðlast leikni til að:
- leiðbeina börnum og unglingum í í tækniatriðum ýmissa íþróttagreina
- kynna nýja leiki og æfingar fyrir æfingahóp barna og unglinga
- hafa jákvæð og örvandi samskipti við æfingahópa sína

**Hæfniviðmið**
Að þessum áfanga loknum á nemandi að geta
- kennt börnum og unglingum ýmsa leiki og grunnæfingar í íþróttum undir stjórn íþróttakennara/þjálfara
- haldið uppi aga og virkni í sínum æfingahópi

---

**Kennslubækur og önnur kennslugögn**
1. Gögn frá kennara og af netinu.

**Áætlun um verkefnaskil og yfirferð:**

Nemendur þurfa að skila

- Skýrslu um hópinn þar sem kemur fram aldurssamsetning, kyn, íþróttagrein og fjöldi iðkenda í hópnum
- Æfingaáætlun
- Dagbók, skilað í lok hvers mánaðar, þar sem kemur fram fjöldi æfinga, leikja og móta auk þess sem fjallað á um hvernig til hefur tekist
- Staðfestingu frá yfirþjálfara um að umrædd þjálfun hafi átt sér stað

---

**Námsmat**

Æfingaáætlun, önnur verkefni og kennsla metin í lok annar eða kennslutímabils

---